

Alþingi
Erindi nr. P 133/1375
komudagur 5.3.2007

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, nefndarsvið
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. mars 2007 02-2007020024
T-ums 08/07

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um samvinnufélög og lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur (millilandasamruni og millilandaskipting). 516.mál

Ríkisskattstjóri hefur þann 2. febrúar sl. móttengið bréf yðar dagsett 1. febrúar s.á. með beiðni um umsögn varðandi ofangreint þingmál.

Fer umsögn embættisins hér á eftir:

Frumvarpið hefur það að markmiði að innleiða tilskipun Evrópuþingsins nr. 2005/56 um millilandasamruna félaga með takmarkaða ábyrgð á Evrópska efnahagssvæðinu.

Fram kemur í almennum athugasemdum að markmið með tilskipuninni sé aukin samvinna á innri markaði í Evrópu á grundvelli þess sem kallað er aðgerðaáætlun um fjármálaþjónustu. Er talin þörf á samvinnu og eftir atvikum samruna fyrirtækja sem eru í mismunandi EES-ríkjum. Einnig er það markmið með tilskipuninni að auðvelda millilandasamruna hlutafélaga og einkahlutafélaga sem lúta löggjöf mismunandi EES-ríkja.

Félagaréttarleg áhrif frumvarpsins eru nokkur. Þar er veigamest að heimilaður er samruni og skipting hlutafélaga og einkahlutafélaga milli landa innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Varðandi lög um hlutafélög nr. 2/1995 er í raun um að ræða útvíkkun á þeim ákvæðum laganna sem lúta að samruna og skiptingu með minniháttar breytingum. Hins vegar eru ekki ákvæði um skiptingu í lögum um einkahlutafélög nr. 138/1994. Frumvarpið gerir ráð fyrir að sett séu inn í lög samsvarandi ákvæði og nú eru í lögum um hlutafélög. Þetta mun auðvelda viðskiptalífínu að haga félagaskipan sinni eins og best hentar.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að sett verði inn í lög nr. 22/1991 um samvinnufélög ákvæði sem heimilar skiptingu samvinnufélaga. “Við skiptinguna taka fleiri en eitt samvinnufélag við öllum eignum og skuldum gegn endurgjaldi til félagsmanna í því félagi sem skipt er” Vandséð er hvernig endurgjaldi verður komið til félagsmanna í samvinnufélagi. Einnig er gert ráð fyrir að jafnvel hlutafélög eða einkahlutafélög sem séu dótturfélög samvinnufélags geti tekið við eignum og skuldum samvinnufélags. Þá segir í frumvarpinu: “Taki slíkt hlutafélag eða einkahlutafélag við hluta eignanna eða skuldanna skulu allir hlutir í hlutafélaginu eða einkahlutafélaginu vera í eigu hins skipta félags” Samkvæmt lögum nr. 2/1995 skulu hluthafar vera hið minnsta tveir í hlutafélagi en hins vegar getur verið einn hluthafi í opinberu hlutafélagi eins og einkahlutafélagi. Hér /er því lagt til að texti frumvarpsins verði í takt við gildandi rétt/ þarf því að laga texta laganna að gildandi ákvæðum laga.

Loks er í frumvarpinu gert ráð fyrir breytingu á lögum nr. 33/1999 um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. Þar er m.a. gert ráð fyrir að unnt sé að skipta þeim og sameina eftir ákvæðum XIV kafla laga um einkahlutafélög. Í þessum kafla laganna er gert ráð fyrir að við skiptingu og samruna komi til gagnjald til hluthafa og greinir þar á milli hvort um samruna/skiptingu er að ræða eða einungis kaup og sölu eigna. Vegna eðlis sjálfseignarstofnana geta komið upp vandkvæði við framkvæmd þessa ákvæðis að óbreyttum texta.

Rétt er að það komi fram að ákvæði frumvarpsins, ef lögfest yrðu, koma til með að hafa veruleg áhrif á skattaðild lögaðila hér á landi með því að samruni og skipting félags milli ríkja flytur slíka aðild frá einu ríki til annars. Aukning skattstofna í einu landi minnkar þá í öðru og öfugt. Í gildandi tekjuskattslögum nr. 90/2003 eru ekki bein ákvæði sem eru í takt við ákvæði frumvarpsins er kveða sérstaklega á um skattalegar afleiðingar samruna og einkum og sérílagi skiptingar félaganna milli ríkja. Gætu því ýmis vandamál þessu viðkomandi risið og vafi um réttarstöðu komið upp. Meginregla skattalaga er sú að öll aðilaskipti og breyting á eignarhaldi geti haft í för með sér skatttöku ef ekki eru settar sérstakar reglur um slíkt.

Eðlilega eru auknar skyldur og nýjar reglur settar varðandi skráningu og skipan þeirra lögaðila á skrár sem frumvarpið tekur til. Getu sömuleiðis ýmis atriði félagaréttarlegs eðlis valdið vafa við afgreiðslu hjá fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra ef frumvarpið verður lögfest í þeirri mynd sem það er.

Ef vikið er nánar að efnisþáttum fyrirliggjandi frumvarps er rétt að geta þess að upp hafa vaknað spurningar um hvort ekki væri eðlilegt að láta sömu reglur og frumvarp þetta gerir ráð fyrir að teknar verði upp gilda um félög í ríkjum utan EES.

Að mati ríkisskattstjóra er slíkt þó á ýmsan hátt varhugavert.

Fyrirliggjandi frumvarpi er ætlað að uppfylla tilskipun um útfærslu á fjórfrelsisákvæði um frjálst flæði fjármagns og þjónustu innan EES, en alls ekki ætlað að taka til slíks flæðis til landa eða aðila sem standa utan EES, hvort heldur um er að ræða félög til dæmis í Bandaríkjunum Norður Ameríku eða skráða lögaðila á svonefndum lágskattasvæðum.

Minna má á að fyrir yfirstandandi þingi liggur frumvarp til breytinga á lögum um tekjuskatt og varðar skattareglur um fádráttabærni arðs ofl. Þar sem gerður er skilsmunur milli ríkja Evrópska efnahagssvæðisins og annarra ríkja. Þar er lagt til að lögaðilum sem bera takmarkaða skattskyldu eftir ákvæðum laga um tekjuskatt og eru heimilisfastir í einhverju aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins verði heimill frádráttur sem nemur skattskyldum arðstekjum með sama hætti og innlendum félögum í sama félagiformi.

Breyting þessi mun þannig hafa áhrif á skattskyldu arðgreiðslna frá innlendum hlutafélögum, til þeirra félaga sem hafa heimilisfesti á Evrópska efnahagssvæðinu, óháð gildandi tvísköttunarsamningum við einstök aðildarríki innan EES.

Í greinargerð þessa frumvarps sem er að finna á þskj.876, 591. mál, segir svo orðrétt: “Réttur Íslands til þess að halda eftir tekjuskatti af arðgreiðslum til ríkja sem eru ekki aðilar að EES-samningnum mun hins vegar standa óbreyttur. Breyting samkvæmt þessari grein er m.a. lögð til í framhaldi af dómi EFTA-dómstólsins í málinu E-1/04 (Fokus Bank) og dómi Evrópudómstólsins í málinu C- 170/05 (Denkavit).”

Hér sem og í því frumvarpi sem hér er til umsagnar er verið að samræma innanlandslöggjöf við ákvæði laga í Evrópulöndum og að framfylgja tilskipunum þar að lútandi. Önnur lönd ganga ekki inn í slíka samræmingarlöggjöf enda er henni ætlað að veita aðildarríkjunum sérstöðu umfram önnur lönd.

Ef skoðuð eru ákvæði þess frumvarps um samruna og skiptingu sem hér er til umsagnar má ljóst vera að megináhersla er þar lögð á samræmi og samstöðu löggjafar innan efnahagssvæðisins sbr það sem segir um samruna og skipingu: "Millilandasamruni merkir samruna þar sem samrunafélög lúta löggjöf minnst tveggja ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu..


Millilandaskipting merkir skiptingu þar sem skiptingarfélög lúta löggjöf minnst tveggja ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu.

Samruni skal vera löglegur í viðkomandi aðildarlandi."


Rétt er að gefnu tilefni að áréttu að frumvarpið tekur bæði til samruna og skiptingar. Þrátt fyrir það virðist sem upp hafi komið sá skilningur að það fjalli eingöngu um samruna. Ákvæði frumvarpsins um skiptingu gefa tilefni til að ætla að straumur fjármuna gæti á grundvelli skiptingarreglna legið til lágskattsvæða.

Að öðru leyti en að ofan greinir telur ríkisskattstjóri ekki tilefni til að setja fram sjónarmið um efni frumvarpsins en vill áréttu þá skoðun að gjalda ber varhuga við að láta ákvæði þess taka til félaga eða annara lögaðila sem tilheyra ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins og að þörf er á að samræma og samhæfa ákvæði tekjuskattslaga að þeim reglum sem frumvarpið boðar.

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra



Skúli Jónsson



Steinþór Haraldsson